

Tillaga til þingsályktunar

um stofnun háskólaseturs á Selfossi.

Flm.: Jón Bjarnason, Atli Gíslason, Kolbrún Halldórsdóttir, Steinunn Þóra Árnadóttir.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun háskólaseturs á Selfossi í samvinnu við heimamenn og háskóla- og rannsóknastofnanir í héraði. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir undirbúningsstarfinu og tillögum sínum um uppbyggingu háskólánáms á Selfossi fyrir 1. september 2008.

Greinargerð.

Tillaga þessi var áður lögð fram á 132. og 133. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga.

Eitt brýnasta mál landsbyggðarinnar er efling menntastofnana og rannsóknasetra sem víðast um landið. Reynslan hefur sýnt fram á kosti þess að heimamenn stjórni slíkri starfsemi að sem mestu leyti sjálfir og byggi þá á tækniþekkingu, menningu, atvinnulífi og auðlindum hvers héraðs um sig. Nægir í því sambandi að horfa til háskólanna á Hvanneyri, Bifröst og Hólum sem hafa með sjálfstæði sínu, frumkvæði og sveigjanleika staðist fyllilega þær kröfur sem gerðar eru til háskóla. Fáir efast heldur um það nú orðið að sjálfstæði Háskólans á Akureyri var ein meginforsenda þess að hann næði að vaxa og dafna. Hins vegar er samstarf sjálfstæðra menntastofnana ávallt af hinu góða, hvort heldur er samstarf við skóla í öðrum landshlutum eða erlendis.

Blómlegt mannlíf byggist á menntun, fjölbreyttri atvinnu og góðri almannþjónustu. Enginn einn þessara þátta nægir. Íbúum á Suðurlandi hefur fjölgað umtalsvert á umliðnum árum og útlit er fyrir áframhaldandi fjölgun íbúa á næstu árum. Afar mikilvægt er því að auka fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu, efla menntunarmöguleika og almenna þjónustu við íbúana. Sunnlendingar hafa ekki fengið sams konar framlög til uppbyggingar og miðlunar háskólánáms og Vestfirðir, Norðurland og Austurland á umliðnum árum. Eins og víðar á landsbyggðinni er lægra hlutfall háskólamenntaðra í landshlutanum en á höfuðborgarsvæðinu.

Á aðalfundi Sambands sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) dagana 25. og 26. nóvember 2005 var samþykkt ályktun þar sem áhersla er lögð á að efling háskólamenntunar og bætt aðgengi almennings að henni sé eitt brýnasta hagsmunamál landshlutans. Ákveðið var á fundinum að 80 millj. kr., sem sveitarfélög á Suðurlandi eiga í sjóði hjá Atvinnuþróunarsjóði og ætlunin var að setja í sérstakan sjóð til eflingar atvinnulífi á svæðinu, yrði varið til að treysta undirstöður háskólanáms í landshlutanum. Á aðalfundinum var jafnframt skorað á ríkisvaldið að koma myndarlega að uppbyggingu háskólanáms á Suðurlandi enda er mála-flokkurinn á verksviði þess samkvæmt lögum.

Sú ákvörðun sveitarfélaganna í landshlutanum að verja 80 millj. kr. til uppbyggingar háskólanáms á svæðinu sýnir áhuga þeirra á málinu. Í framhaldinu er mikilvægt að ríkisvaldið komi að þessari uppbyggingu með framlögum til jafns við aðra landshluta. Á ársþingi SASS í nóvember 2007 voru þessar óskir áréttaðar, svo sem sjá má í fylgiskjölum II og III.

Þótt ekki sé orðið ýkja langt að fara milli Selfoss og Reykjavíkur, þar sem þegar eru starfræktir háskólar, má ætla að aðstæður fólks til að sækja slíkt nám þangað séu alls ekki alltaf nógu góðar, auk þess sem benda má á að fjarlægðir frá Reykjavík í uppsveitir Árnessýslu og austur í Skaftafellssýslu eru alls ekki boðlegar til daglegs aksturs fram og til baka. Það gefur augaleið að háskólaþingur, sem mundi færa námið til fólksins, gerbreytti aðstæðum fólks til að sækja sér frekari menntun.

Ekki er vafi á því að stofnun háskólaseturs á Selfossi yrði kærkomin viðbót við Fjölbrautaskóla Suðurlands sem þar er fyrir. Slíkar menntastofnanir mundu styðja vel hvor við aðra, og ekki bara á sviði menntunar þótt sú samvinna yrði hvað dýrmætust.

Á meðal íbúa á Suðurlandi er mikil eftirspurn eftir háskólamenntun í heimabyggð. Skráður íbúafjöldi á þessu svæði 1. desember 2007 var 23.478 manns. Háskólaþingur á Selfossi mundi styrkja þessa heildarmynd menntunar og bæta enn frekar búsetuskilyrðin á svæðinu og koma þar með til móts við eindregnar óskir íbúanna. Því er lagt til að menntamálaráðherra skipi nú þegar nefnd með heimamönnum sem vinni tillögur að stofnun háskólaseturs á Selfossi og að hún skili álitni fyrir 1. september 2008 svo að hægt sé að hafa hliðsjón af tillögum hennar við gerð fjárlagafrumvarps fyrir árið 2009.

Fylgiskjal I.

Atli Gíslason og Alma Lísu Jóhannsdóttir:

Stofnun háskólaseturs á Selfossi.

(Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Suðurlandskjördæmi, 8. mars 2007.)

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur í tvígang lagt fram á Alþingi svofellda tillögu til þingsályktunar:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að hefja undirbúning að stofnun háskólaseturs á Selfossi í samvinnu við heimamenn og háskóla- og rannsóknastofnanir í héraði. Ráðherra geri Alþingi grein fyrir undirbúningsstarfinu og tillögum sínum um uppbyggingu háskólanáms á Selfossi fyrir 1. mars 2007.“

Eitt brýnasta mál landsbyggðarinnar er efling menntastofnana, rannsókn- og frumkvöðla-setra sem víðast um landið. Reynslan hefur sýnt fram á kosti þess að heimamenn stjórn slíkra starfsemi og byggi á tækniþekkingu, menningu, atvinnulífi og auðlindum hvers héraðs um sig í öflugum samstarfi við sambærileg setur í öllum landshlutum og erlendis. Nægir í því sambandi að horfa til klasasetursins Nýheima á Hornafirði sem hefur með sjálfstæði sínu, frumkvæði og sveigjanleika staðist fyllilega þær kröfur sem gerðar eru til öflugs háskóla- og nýsköpunarsamfélags þótt Nýheimum sé skorinn afar þröngur stakkur fjárhagslega af stjórnvöldum.

Blómlegt mannlíf byggist á menntun, fjölbreyttri atvinnu og góðri almannþjónustu. Enginn einn þessara þátta nægir. Íbúum á Suðurlandi hefur fjölgað umtalsvert og útlit er fyrir áframhaldandi fjölgun íbúa á næstu árum. Afar mikilvægt er því að auka fjölbreytni í atvinnulífi á svæðinu, efla menntunarmöguleika og almenna þjónustu við íbúana.

Sunnlendingar hafa ekki fengið sams konar framlög til uppbyggingar og miðlunar háskólanáms og Vestfirðir, Norðurland og Austurland. Eins og víðar á landsbyggðinni er lægra

hlutfall háskólamenntaðra í landshlutanum en á höfuðborgarsvæðinu. Á aðalfundi Sambands sunnlenskra sveitarfélaga dagana 25. og 26. nóvember 2005 var samþykkt ályktun þar sem áhersla er lögð á að efling háskólamenntunar og bætt aðgengi almennings að henni sé eitt brýnasta hagsmunamál landshlutans í framtíðinni. Ákveðið var á fundinum að 80 milljónir kr., sem sveitarfélög á Suðurlandi eiga í sjóði hjá Atvinnuþróunarsjóði og ætlunin var að setja í sérstakan sjóð til eflingar atvinnulífi á svæðinu, verði varið til að treysta undirstöður háskólanáms í landshlutanum. Á aðalfundinum var jafnframt skorað á ríkisvaldið að koma myndarlega að uppbyggingu háskólanáms á Suðurlandi, enda er málaflokkurinn á verksviði þess samkvæmt lögum. Sú ákvörðun sveitarfélaganna í landshlutanum að verja 80 milljónum kr. til uppbyggingar háskólanáms á svæðinu sýnir ötulan áhuga þeirra á málinu. Í framhaldinu er mikilvægt að ríkisvaldið komi að þessari uppbyggingu með ríkulegum framlögum Það gefur auga leið að háskólaþetta, sem mundi færa námið til fólksins, gerbreytti aðstæðum fólks til að sækja sér frekari menntun.

Ekki er vafi á því að stofnun háskólaþetta á Selfossi yrði kærkomin viðbót við Fjölbautaskóla Suðurlands og aðrar stofnanir sem þar eru. Slíkar menntastofnanir mundu styðja vel hvor við aðra, og ekki bara á sviði menntunar þótt sú samvinna yrði hvað dýrmætust. Þar bætir hver stofnunin hina upp og eflir, sérstaklega ef unnið er undir einum hatti að hætti frjórna klasastofnana. Á meðal íbúa á Suðurlandi er mikil eftirspurn eftir háskólamenntun í heimabyggð. Íbúafjöldi á þessu svæði er áætlaður um 20.000 manns. Háskólaþetta á Selfossi mundi styrkja þessa heildarmynd menntunar og bæta enn frekar búsetuskilyrðin á svæðinu og koma þar með til móts við eindregnar óskir íbúanna.

Ríkisstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins hefur til þessa hunsað tillögur VG um stofnun háskólaþetta á Selfossi. Það er miður. En það koma tímar og það koma ráð á fardögum ríkisstjórnarinnar í vor.

Fylgiskjal II.

Ályktun ársþings Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) á Kirkjubæjarklaustri 1. og 2. nóvember 2007.

Háskólamál.

Ársþing SASS 2007 fagnar þeim skrefum sem náðst hafa í undirbúningi stofnunar Háskólafélags Suðurlands og þeirri ábyrgð sem sunnlensk sveitarfélög hafa axlað vegna uppbyggingar háskólastarfs á Suðurlandi. Stjórnvöld eru hvött til beinnar þátttöku í eflingu háskólamenntunar á svæðinu, s.s. með aðkomu menntamálayfirvalda og fjárveitingavaldsins. Minnt er á mikilvægi háskólastarfs í atvinnu- og búsetulegu tilliti.

Fylgiskjal III.**Skýrsla stjórnar SASS fyrir starfsárið 2006–2007
á ársþingi SASS 1. og 2. nóvember 2007.**

Menntamál: Háskólafélag Suðurlands.

Eitt af megináherslumálum í Vaxtarsamningi Suðurlands eru menntamál og þá einkum efling háskólanáms. Nú eru liðin tvö ár síðan samþykkt var á aðalfundi SASS að verja þeim fjármunum sem til voru í Atvinnuþróunarsjóði Suðurlands, þegar lánastarfsemi var þar aflögð, til uppbyggingar háskólanáms. Undirbúningur hefur staðið yfir undanfarið ár og nú hefur verið stofnað hlutafélagið Háskólafélag Suðurlands, sem standa mun fyrir ýmiss konar háskólastarfsemi á Suðurlandi. Stefnt er að samstarfsneti ýmissa aðila, kennsluráðgjafa af hálfu ríkisins, sjálfstæðra rannsóknarstofnana á Suðurlandi, símenntunarmiðstöðva og erlendra háskóla í náinni samvinnu við atvinnulífið. Nauðsynlegt er að ríkisvaldið komi með sambærilegum hætti að eflingu háskólanáms á Suðurlandi og í öðrum landshlutum.

Fylgiskjal IV.**Háskóli fyrir alla á nýrri öld.**

(Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Menningar- og menntamál, 27. mars 2007.)

Háskólanám um land allt.

Stuðla verður að uppbyggingu fræðasetra og námsvera um land allt þannig að landsmenn allir geti átt kost á því að stunda fjarnám á háskólastigi. Miklu skiptir að slíkt fjarnám sé félagslega uppbyggt en ekki velt yfir á hvern einstakling sem stundi það í sínu horni.

Nám í heimabyggð.

Tryggja þarf rekstrargrundvöll símenntunarmiðstöðva. Símenntunarmiðstöðvar landsbyggðarinnar eru oft eini aðgengilegi fræðsluaðilinn í dreifðum byggðum landsins og því þarf að styrkja stoðir þeirra þannig að nám í heimabyggð fyrir fullorðna verði raunverulegur og aðgengilegur kostur í fullorðinsfræðslu og hvers konar endur- og símenntun. Einnig þarf að tryggja framboð á náms- og starfsráðgjöf hjá sömu aðilum þannig að hægt verði að bjóða upp á slíka þjónustu, m.a. í samstarfi við atvinnurekendur.